

Tillaga til 483. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 4. nóvember 2021

Tillaga frá 569. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 27. október 2021, um að bæjarstjórn heimili málsmeðferð skv. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

6. Breiðadalur - Tengivirki - 2021010004

Lögð fram deiliskipulagstillaga sem Verkís ehf. vann fyrir Landsnet, vegna fyrirhugaðra framkvæmda við nýtt yfirbyggt tengivirki á lóð 1, í landi Veðrarár-Ytri L141031. Áformin samræmast núgildandi aðalskipulagi. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Enn fremur er markmiðið að gera umhverfið snyrtilegt vegna sýnileika svæðisins. Fylgigögn eru deiliskipulagsuppdráttur og greinargerð frá október 2021.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila málsmeðferð skv. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010.